

12. gr.

58

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 50, frá 20. júní 1923, um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar. 7. maí

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfriköll, 7. maí 1928.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Jónas Jónsson.*

## LÖG

um

### **friðun Þingvalla.**

59

7. maí

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Frá ársbyrjun 1930 skulu Þingvellir við Öxará og grendin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga.

2. gr.

Mörk hins friðhelga lands skulu vera sem hjer segir:

- a. Að sunnan: Frá hæstu brún Arnarfells í beina stefnu á Kárastaði, yfir Þingvallavatn og upp á vestara bakka Almannagjár.
- b. Að vestan: Hærri barmur Almannagjár að Ármannsfelli.
- c. Að norðan: Frá Ármannsfelli þvert austur yfir hraunið að Hliðargjá.
- d. Að austan: Eystri bakki Hliðargjár og Hrafnagjár ræður takmörkunum suður á hæstu brún Arnarfells.

Landið innan ofanefndra marka skal, eftir því er Þingvalla-

59 nefnd kveður á og færð kann að reynast, varið fyrir ágangi af sauð-  
7. maí fje og geitum. En skógurinn og villidýralíf, sem þar kynni að geta þrifist, skal vera algerlega friðað. Þó skal nefndin gera ráðstafanir til eyðingar þeim dýrum og fuglum, sem gera usla á hinu friðlýsta svæði eða vinna búfjenaði hjeraðsmanna tjón.

Þingvallanefnd ræður veiði í Þingvallavatni norðan línu þeirrar, er um getur í a-lið.

Ekkert jarðrask, húsabyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki má gera á hinu friðlýsta svæði, eða í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka, nema með leyfi Þingvallanefndar.

### 3. gr.

Nú takast eigi samningar milli Þingvallanefndar og ábúenda jarða þeirra, er að nokkru eða öllu falla undir hið friðlýsta land, og skal þá Þingvallanefnd taka afnotarjett jarðanna eða jarðahlutanna eignarnámi samkvæmt lögum og ábúendum greitt fyrir afnotarjettinn, samkvæmt óvilhallra, dómkvaddra manna mati. Svo skulu og metnar bætur til Þingvallahrepps fyrir íþynging fjallskila og rýrnun útsvara, enda náist ekki samningar.

Heimilt skal Þingvallanefnd að kaupa jörðina Gjábakka, eða ef ekki nást viðunandi samningar um verð, að taka jörðina eignarnámi samkvæmt lögum.

### 4. gr.

Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og æfinleg eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.

### 5. gr.

Þingvallanefnd, skipuð þrem alþingismönnum, hefir fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annara jarða í ríkiseign, sem til eru greindar í 2. gr. Þingvallanefnd skal kosin með hlutfallskosningum í sameinuðu þingi í lok hvers þings eftir nýafstaðnar kosningar, í fyrsta skifti á þingi 1928.

### 6. gr.

Þingvallanefnd semur reglugerð um hið friðlýsta land og meðferð þess, en stjórnarráð staðfestir. Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld á Þingvöllum og verja því fje upp í kostnað við friðunina. Þingvallanefnd má ráða umsjónarmann á Þingvöllum til 5 ára í senn.

### 7. gr.

Öll óhjákvæmileg útgjöld við verndun Þingvalla samkvæmt lögum þessum greiðast úr ríkissjóði.

## 8. gr.

59  
7. maí

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 1000 kr., eða einföldu fangelsi, allt að 3 mánuðum, ef miklar sakir eru, nema brot sje svo vaxið, að þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

## 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jónas Jónsson.*

## L Ö G

60  
7. maí

um

**heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.**

Vjer **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabrjef, allt að 10 miljónum króna. Vaxtabrjefum má skifta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 8. flokkur veðdeildarinnar og hinir í áframhaldandi töluröð þar á eftir. Fjármálaráðherra ákveður, hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefir gert tillögur um það. Heimilt er, með samþykki